



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Aðgengi fyrir fatlaða

Lykill að jafnrétti

Jóna Ólafsdóttir

Leiðbeinandi Ásta Snorradóttir
Júní 2018



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Aðgengi fyrir fatlaða
Lykill að jafnrétti

Jóna Ólafsdóttir
060192-2789

Lokaverkefni til BA-gráðu
Leiðbeinandi: Ásta Snorradóttir
Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 12 einingar

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2018

Aðgengi fyrir fatlaða

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Jóna Ólafsdóttir, 2018

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2018

Útdráttur

Á seinasta áratugi hafa hérlendis verið tekin stór skref í réttindabaráttu fatlaðs fólks. Annars vegar má nefna yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga sem átti sér stað þann 1. janúar 2011 og hins vegar þegar samningur Sameinuðu þjóðana varð talinn fullgildur á Alþingi þann 20. september 2016. Þessi skref voru bæði framkvæmd með það að markmiði að tryggja fötluðu fólki möguleikann á sjálfstæðu lífi og fullri þátttöku í samfélaginu. Aðgengi fatlaðs fólks til jafns við aðra þjóðfélagsþegna er ákaflega mikilvægur þáttur í því að uppfylla þessi markmið.

Í þessari ritgerð verður kannað hvaða áhrif aðgengi hefur á fatlað fólk, samfélagsþátttöku þeirra, ímynd, heilsu og líðan. Fjallað verður um lagaleg ákvæði sem kveða á um aðgengismál fatlaðs fólks ásamt því að skoða hvaða áhrif yfirfærsla málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga hafði á aðgengismál fatlaðs fólks. Þá verður fjallað um hvernig félagsráðgjafar geta nýtt fagþekkingu sína og heildarsýn þegar unnið er með fötluðu fólki.

Niðurstöður ritgerðarinnar leiddu í ljós að slæmt aðgengi getur haft umtalsverð áhrif bæði á líkamlega og andlega heilsu fatlaðs fólks. Almennt býr fatlað fólk við lakara aðgengi að heilbrigðisþjónustu ásamt því að vera einn sá hópur sem er í mestri hættu á að verða fyrir félagslegri útskúfun, þar sem gott aðgengi er forsenda samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Leitast var við að kanna hvort lögum og samningi Sameinuðu þjóðana er varðar aðgengismál fatlaðs fólks væri framfylgt hér á landi, í ljós kom að því var ekki framfylgt að fullu leyti. Einnig voru aðgengismál fatlaðs fólks skoðuð með tiliti til yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga, þar kom í ljós að yfirfærslan virtist hafa haft jákvæð áhrif á þróun aðgengismála á flestum þjónustusvæðum.

Lykilorð: Aðgengi, fatlað fólk, jafnrétti, sjálfstætt líf.

Formáli

Ritgerðin er 12 ECTS-eininga lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Ástu Snorradóttir, lektor við félagsráðgjafardeild, fyrir uppbyggilega og gagnlega leiðsögu við vinnslu ritgerðarinnar. Ég vil þakka Andreu Magnúsdóttir fyrir hvatningu og stuðning á Þjóðarbóklöðunni við skrif ritgerðarinnar. Auk þess vil ég þakka bróðir mínum, Stefáni Sveini Ólafssyni fyrir að gefa sér tíma og lesa með mér yfir ritgerðina ásamt því að þakka fjölskyldu minni og unnusta fyrir ómetanlegan stuðning, hvatningu og þolinmæði í gegnum allt námið.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	6
2	Mismunandi sjónarhorn á fötlun	8
2.1	Læknisfræðilega líkanið	8
2.2	Félagslega sjónarhornið.....	8
2.3	Norræna tengslalíkanið	9
2.4	Alþjóðlegt flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu	9
2.5	Ný sýn á líf og aðstæður fatlaðs fólks	10
3	Kenningar og ný hugmyndafræði	11
3.1	Valdefling og sjálfsákvörðunarréttur	11
3.2	Seigla	12
3.3	Hugmyndafræðin um sjálfstætt og eðlilegt líf.....	12
3.4	Notendastýrð Persónuleg Aðstoð.....	13
4	Aðgengi fyrir fatlað fólk	15
4.1	Aðgengi.....	15
4.2	Aðgengi með tækninni	15
4.3	Aðgengi fatlaðs fólks að ferðmannastöðum.....	16
5	Lög og samningur Sameinuðu þjóðana er varða aðgengis mál fatlaðs fólks	18
5.1	Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992	18
5.2	Lög um mannvirki nr. 160/2010	18
5.3	Samningur sameinuðu þjóðana um réttindi fatlaðs fólks.....	19
5.4	Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021	21
6	Líkamleg og andleg heilsa fatlaðs fólks	23
6.1	Fötlun og heilsa	23
6.2	Fordómar	23
6.3	Félagsleg útskúfun	24
7	Yfirfærsla á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga	27
7.1	Markmið og hugmyndafræði á bak við yfirfærsluna	27
7.2	Rannsókn á upplifun starfsmanna og notenda af yfirfærslunni	28
7.3	Aðgengi.....	29
8	Nálgun félagsráðgjafa í málefnum fatlaðra	31
9	Umræða og lokaorð	33
	Heimildaskrá	35

1 Inngangur

Í kringum 650 milljón manns eða næstum því 10% af mannkyninu eru með einhverskonar fötlun. Fötlun getur verið líkamleg, vitsmunaleg eða haft áhrif á skynjun einstaklings. Skerðingin veldur því oft á tíðum að fatlað fólk á erfiðara með daglegar athafnir en aðrir (Atkinson og Castro, 2008). Til að auðvelda fötluðu fólki daglegar athafnir og þátttöku í samfélaginu til jafns við aðra í þjóðfélaginu er gott aðgengi lykilatríði.

Aðgengi snýst um að tekið sé tillit til mismunandi þarfa og færni allra einstaklinga og að umhverfið sé mótað að þeim. Þegar talað er um að umhverfið sé aðgengilegt er átt við að fólk geti án aðstoðar frá öðrum, komist frá einum stað til annars (Gott aðgengi, e.d.).

Ástæðan fyrir því að þetta viðfangsefni varð fyrir valinu fyrir þessa ritgerð er að fyrir tæpum tveimur árum byrjaði höfundur að starfa hjá fötluðum einstakling í gegnum Notendastýrða Persónulega Aðstoð (NPA). Eftir að höfundur hafði unnið þarna um nokkurn tíma fór hann að taka meira eftir því hversu ábótavant aðgengi væri fyrir fatlað fólk hér á landi og hversu mikil áhrif það getur haft á þá sem þurfa að treysta á gott aðgengi. Það er langt frá því að vera öruggt að fatlað fólk komist í þær veislur eða heimsóknir sem þeim er boðið í, á þá veitingastaði sem þeim langar á eða á þær stofnanir sem þeir þurfa að komast á. Þá hefur þetta einnig í för með sér að fatlað fólk hefur ekki jafna atvinnumöguleika og aðrir.

Markmið ritgerðarinnar er að kanna aðgengi fatlaðs fólks á Íslandi. Rannsóknarspurningarnar í þessari ritgerð eru: Er lögum og mannréttindarsáttmálum er varða aðgengi fyrir fatlaða framfylgt á Íslandi? Hversu mikilvægt er gott aðgengi fatlaðs fólks fyrir líðan þeirra og heilsu? Er möguleiki að tilfærsla á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga hafi haft áhrif á aðgengismál?

Í ritgerðinni verður fjallað um mismunandi sjónarhorn á fötlun, kenningar og nýja hugmyndafræði, fjallað verður um mismunandi birtingarmyndir aðgengis, farið verður yfir lög og samning Sameinuðu þjóðanna er varðar aðgengismál, líkamlega og andleg heilsa fatlaðs fólks skoðuð, ásamt því að möguleg áhrif er varða aðgengismál verða

skoðuð með tilliti til yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga og að lokum verður fjallað um hvernig félagsráðgjafi getur beitt sér í vinnu með fötluðum og hvaða áhrif hann getur haft á málaflokkinn. Ávinningurinn af þessari ritgerð er því að varpa ljósi á hvort þörf sé á breytingum eða úrbótum hvað varðar aðgengi fatlaðs fólks hér á landi.

2 Mismunandi sjónarhorn á fötlun

Hér að neðan verður fjallað í stuttu máli um mismunandi sjónarhorn á fötlun. Fyrst verður fjallað um læknisfræðilega líkanið, það var ráðandi í hinum vestræna heimi mestan hluta 20. aldar. Næst verður fjallað um félagslega sjónarhornið, sem kemur fram með gagngrýni á læknisfræðilega líkanið. Þar á eftir verður komið inná norræna tengslalíkanið þar sem lögð er áhersla á tengsl hins fatlaða við umhverfið. Næst verður fjallað um alþjóðlegt flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu sem hefur haft mikil áhrif á umræðu tengda heilsu og fötlun um allan heim og að lokum verður fjallað um nýja sýn á líf og aðstæður fatlaðs fólks.

2.1 Læknisfræðilega líkanið

Sú hugmyndafræði er liggur að baki læknisfræðilega líkaninu grundvallast á læknisfræði, þar sem litið er á fötlun sem óheilbrigða og óeðlilega. Í læknisfræðilega líkaninu er meðal annars lögð áhersla á að greina líkamlega og andlega skerðingu fatlaðs fólks. Eftir að búið er að greina skerðinguna skal veita viðeigandi meðferð, meðhöndlun, endurhæfingu eða umönnun eftir því sem við á. Það er litið svo á að skerðingin eigi alla sök á erfiðleikum einstaklingsins, það er hvorki litið til áhrifa umhverfis eða aðstæðna (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Læknisfræðilega líkanið vísar til þess að litið er á að fatlað fólk sem fórnarlömb, að þau séu háð öðrum og þurfi á stöðugri umönnun að halda. Þá hefur læknisfræðilega nálgunin einnig verið kennd við persónulegan harmleik fatlaðra einstaklinga. Læknisfræðilega líkanið hefur mótað nálgun og viðhorf fagfólks og almennings um langt skeið og gerir það að hluta til enn þann dag í dag (Rannveig Traustadóttir, 2003).

2.2 Félagslega sjónarhornið

Upphaf félagslega sjónarhornanna átti sér stað á árunum 1970-1980. Fatlaðir töldu að það væri samfélagið sem væri að gera fólk fatlað og á sama tíma koma í veg fyrir fulla þáttöku þeirra í þjóðfélaginu (Barnes, Mercer og Shakespeare, 1999).

Út frá félagslega sjónarhorninu er litið svo á að fötlun einstaklings stafi meðal annars af félagslegum hindrunum í samfélaginu. Þessar hindranir ná til ýmissa þátta og má þar nefna aðgengi, fordóma og neikvæð viðhorf, en hindranir sem þessar geta leitt til félagslegar útskúfunar (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Félagslega sjónarhornið boðaði nýja framtíðarsýn um fötlun ásamt því að hafa áhrif á stefnumótun málaflokksins á alþjóðavettvangi. Þetta sjónarmið kom með breyttar áherslur, það leggur áherslu á að hindranir einstaklingsins komi frá umhverfinu en ekki einstaklingnum sjálfum. Þetta er því andstæða við læknisfræðilega líkanið. Þetta sjónarmið hefur einnig haft áhrif á fræðimenn innan fötlunarfræðinnar sem hafa út frá þessu sjónarmiði þróað nýjan skilning á fötlun. Sá skilningur hefur meðal annars lagt grunn að nýjum lögum innan málaflokks fatlaðra um allan heim ásamt því að hafa haft áhrif á mótun samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra (Rannveig Traustadóttir, 2009).

2.3 Norræna tengslalíkanið

Norræna tengslalíkanið sameinar læknisfræðilega og félagslega líkanið. Litið er á að fötlun eigi sér stað þegar að umhverfið gerir meiri kröfur til fólks en það ræður við, þá er talað um missamræmi á milli getu einstaklinga og krafna umhverfisins. Einnig er litið svo á að fötlun sé afstæð og aðstæðubundin, þá er átt við að fötlun getur verið breytileg milli tíma og menningarsamfélaga, allt fer það eftir því hvernig fólk skilgreinir fötlun (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir, 2013).

Norræna sjónarhornið tekur mið af þremur meginatriðum. Þau eru; fötlun er aðstæðubundin, fötlun er misræmi milli einstaklings og umhverfis og fötlun er afstæð. Þegar átt er við aðstæðubundna fötlun er verið að meina að aðstæður ráða því hvort skerðing fólks valdi hindrunum og leiði þar með til fötlunar eða ekki. Þegar talað er um að það sé misræmi milli einstaklings og umhverfis, er átt við að umhverfið taki ekki mið af mismunandi þörfum fólks. Við þetta misræmi myndast hindranir í samfélaginu fyrir fatlaða einstaklinga. Að lokum er talað um að fötlun sé afstæð, þá er átt við að það sé mismunandi milli landa hvort einstaklingur sé talinn fatlaður eða ekki, ástæðan er sú að fötlun er skilgreind á ólíka vegu eftir löndum (Rannveig Traustadóttir, 2006).

2.4 Alþjóðlegt flokkunarkerfi um færni, fötlun og heilsu

Alþjóðlega flokkunarkerfið um færni, fötlun og heilsu (e. International Classification of Functioning, Disability and Health, eða ICF) hefur haft mikil áhrif á umræðu tengda heilsu og fötlun um allan heim. ICF er einnig hugmyndafræðilegt líkan og er gefið út af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (World Health Organization) eða WHO. Hugmyndafræðin á bak við ICF byggir á tveimur sjónarhornum, annars vegar á félagslega sjónarhorninu og hins vegar á læknisfræðilega sjónarhorninu. Markmiðið með samþættingu þessara sjónarhorna var að

fá jákvæðari mynd af fötlun og skilgreina hana sem samspil á milli heilsufars og aðstæðna. ICF tekur til margra þátta sem er ætlað að mæla færni einstaklinga og þjóðfélaga, það er gert út frá því sjónarhorni að heilsa og fötlun séu andstæður. Í staðinn fyrir að einblína á fötlun fólks er aðaláherslan á færni þess. Tilgangurinn með ICF er víðtækur, það er í fyrsta lagi að finna vísindalegan grunn sem snýr að heilsu og heilsufarsþáttum sem hægt er að nýta í rannsóknir og til þekkingarleitar. Í öðru lagi skal tryggja að notað sé sama tungumál og sömu hugtökin með því markmiði bæta samskipti, í þriðja lagi skal leyfa samburð á gögnum milli landa, heilbrigðisgeira og þjónustuaðila (Guðrún Pálmarsdóttir, 2013).

2.5 Ný sýn á líf og aðstæður fatlaðs fólks

Innan fötlunarfræða er verið að koma með endurbættan skilning á fötlun, nýja fræðilega nálgun og athylgi vakin á aðstæðum fatlaðs fólks. Þessi nýja nálgun hefur haft talsverð áhrif á mismunandi stöðum, meðal annars hefur hún haft áhrif innan fræðanna, á stefnumótun, baráttu samtaka fatlaðra, og kannski hvað mestu skiptir, sjálfskilning fatlaðs fólks (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Fötlunarfræðin gagngrýnir læknisfræðilega líkanið þar sem fatlað fólk er talið óheilbrigt og ekki eðlilegt, fötlunarfræðin telur fatlaða einstaklinga vera fullkomlega eðlilega. Hún leitast eftir því að skilgreina og skilja þær hindranir sem verða á vegi fatlaðra einstaklinga í samfélaginu og hvað megi gera til að koma í veg fyrir þær. Fötlunarfræðin leitar einnig svara við því hvernig megi aðstoða samfélagið við að laga sig að margbreytileikanum og með því bæta lífsgæði fatlaðs fólks (Dóra S. Bjarnason, 2001).

3 Kenningar og ný hugmyndafræði

Í þessum kafla verður fjallað um kenningar og nýja hugmyndafræði sem eiga það sameiginlegt að stuðla á einn eða annan hátt að sjálfstæðu lífi fatlaðs fólks. Fram kemur í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 að koma skuli til móts við fatlað fólk með því markmiði að það geti lifað sjálfstæðu lífi. Með nýrri hugmyndafræði er meðal annars leitast við að breyta umhverfinu. Til að fatlað fólk geti lifað sjálfstæðu og eðlilegu lífi þarf umhverfið að taka mið af þörfum þeirra og aðgengi þarf að vera til jafns við aðra þjóðfélagsþegna.

3.1 Valdefling og sjálfsákvörðunarréttur

Hugtökin valdefling og sjálfsákvörðunarréttur eru náskyld, þau beinast bæði að rétti allra einstaklinga til að lifa innihaldsríku og sjálfstæðu lífi í samfélaginu. Valdefling er ferli sem á sér stað í samskiptum tveggja eða fleiri aðila með það að markmiði að styrkja sjálfsskilning og auka sjálfstraust einstaklingsins eða hópsins (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008).

Hugtakið valdefling var fyrst notað á Íslandi árið 1970 í réttindabaráttu kvenna og fatlaðs fólks, hugtakið hefur einnig verið notað í réttindabaráttum annarra minnihlutahópa. Með aukinni valdeflingu þróar einstaklingur með sér sterkari sjálfsmýnd og aukið sjálfstraust ásamt því að sjálfsþjargarhæfni hans verður betri. Einnig hefur verið sýnt fram á að aukin valdefling bæti lífsgæði. Völdum er sjaldnast skipt jafnt á milli einstaklinga eða hópa, hvort sem það er inni á vinnustöðum, í fjölskyldum eða í stjórnámálum. Einstaklingar sem hafa minni völd eru ólíklegri til að tjá sig eða koma sínum skoðunum á framfæri heldur en þeir sem búa yfir meira valdi. Fatlað fólk er einn af þeim minnihlutahópum sem þarf að láta hvað mest í sér heyra og hafa sterka rödd til að fá réttindum sínum framgengt (Hanna B. Sigurjónsdóttir, 2006).

Hugtakið sjálfsákvörðunarréttur merkir það þegar einstaklingur talar fyrir sjálfan sig og tekur sjálfstæðar ákvarðanir um eigið líf út frá því sem viðkomandi manneskja telur að sé henni fyrir bestu. Hugtakið er bæði notað yfir baráttu einstaklinga og hópa sem berjast fyrir bættri stöðu sinni í samfélaginu, með því er meðal annars átt við að þekkja rétt sinn og vera sinn eigin talsmaður. Ásamt því að mótmæla niðurlægjandi aðstæðum eða kúgun sem viðkomandi einstaklingar eða hópar verða fyrir (Guðrún V. Stefánsdóttir, 2008).

Sjá má hvernig kenningar um valdeflingu og sjálfsákvörðunarrétt hafa átt þátt í að móta lög um réttindagæslu fatlaðs fólks nr. 88/2011 sem tóku gildi í júlí 2011. Þar kemur fram að markmið lagana sé að tryggja sjálfsákvörðunarrétt fatlaðs fólks og að hann sé virtur.

Þar kemur einnig fram að með lögunum hafi verið komið á fót réttindavakt hjá Velferðarráðuneytinu og ráðnir voru réttindagæslumenn fatlaðs fólks. Þeir skulu sjá til þess að ef fatlaður einstaklingur á erfitt með að gæta hagsmuna sinna vegna fötlunar sinnar á viðkomandi rétt á persónulegum talsmanni.

3.2 Seigla

Seigla hefur verið skilgreind á margvíslegan hátt í gegnum tíðina. Til að byggja upp seiglu hjá börnum þurfa þau að vera virt fyrir hver þau eru af einstaklingi sem þau treysta. Þá hafa verið rannsakaðir ákveðnir hæfnipættir hjá einstaklingum sem hefur tekist að þróa með sér seiglu þrátt fyrir að búa við erfiðar aðstæður. Þeir þættir sem hafa mikið verið rannsakaðir eru: einstaklingsbundnir þættir, félagslegir þættir ásamt lífsreynslu og þroska. Allir þessir þættir eru taldir hafa áhrif á seiglu einstaklinga ásamt því að tengslin milli þessara þátta eru talin geta haft mikil áhrif á líf þeirra, vellíðan og velgengni (Linde-Leimer og Wenzel, 2014).

Seigla hefur verið notuð í vinnu með fötluðum, það hefur verið gert með því markmiði að hjálpa fötluðu fólki að skilja hversu mikilvægt það getur verið að búa yfir seiglu eða þróa hana með sér á lífsleiðinni. Ástæða þess er meðal annars sú að talið er að fatlaðir einstaklingar sem búa yfir seiglu séu mun líklegri til að geta tekið á þeim hindrunum sem verða á vegi þeirra í daglegu lífi, á jákvæðari og skilvirkari hátt (Walz og Bleuer, 2014).

Gott dæmi um fatlaðan einstakling sem býr yfir seiglu er Brandur Bjarnason Karlsson. Brandur er lamaður fyrir neðan háls og er bundinn hjólastól. Hann hefur alla tíð átt sér þann draum að geta flogið, fyrir flesta einstaklinga væri þessi draumur eflaust óraunhæfur. Hann lét það ekki stoppa sig að aðstæður hans væru talsvert erfiðari en hjá mörgum öðrum, þar sem hann er bundinn við hjólastól. Hann var jákvæður og hafði trú á að þetta gæti orðið að veruleika. Hann safnaði fyrir sérútbúnum flugstól sem notaður var í flugið, hann gerði það meðal annars með því að selja myndir sem hann málaði sjálfur. Eins og fram kom hér að ofan er einstaklingur talin búa yfir seiglu geti hann stjórnað aðstæðum sínum á jákvæðan hátt þrátt fyrir að hafa lent í erfiðleikum, það er því ljóst að Brandur býr yfir seiglu og hefur hún án efa hjálpað honum að láta drauma sína verða að veruleika (Viðar Guðjónsson, 2014).

3.3 Hugmyndafræðin um sjálfstætt og eðlilegt líf

Hugmyndafræðin um sjálfstætt og eðlilegt líf var eitt af því sem olli þáttaskilum í þjónustu við fatlað fólk. Það var danski lögfræðingurinn Bank-Mikkelsen sem setti fram hugtakið

normalisering eða „eðlilegt líf“ árið 1959 (Wolfensberger, 1980). Það var svo sænski félagsfræðingurinn Benget Nirje sem þróaði hugmyndina áfram setti fram skilgreiningu á hugtakinu „eðlilegt líf“ árið 1969. Nirje mótaði skilgreiningu sína út frá því fyrirkomulagi sem var ríkjandi á þeim tíma. Þá var algengt að fatlaðir væru lokaðir inná stofnunum og ekki var litið á þá sem hluta af samfélaginu (Margrét Margeirsdóttir, 2001).

Í skilgreiningunni leggur Nirje áherslu á að markmiðið sé að breyta viðhorfi almennings, umhverfinu og lífsskilyrðum fatlaðs fólks. En til þess að fatlað fólk geti lifað eðlilegu lífi þarf umhverfið að taka mið af þörfum þeirra og aðgengi þarf að vera til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Markmiðið með hugmyndafræðinni um eðlilegt líf er að leggja áherslu á jafnrétti. Fatlað fólk á jafnan rétt á því að lifa sjálfstæðu lífi og fá sömu virðingu og aðrir í samfélaginu. Þá skulu allir eiga jafna möguleika á að taka fullan þátt í samfélaginu, hvort sem það er að stunda nám, atvinnu eða sinna öðrum erindum (Margrét Margeirsdóttir, 2001).

Það var í kringum 1960 sem að hugmyndafræðin um eðlilegt líf barst til Íslands. Það var skref í rétta átt að mannréttindum fatlaðs fólks, markmiðið var að fatlað fólk fengi að lifa við eins eðlileg lífsskilyrði og kostur var á. Þá í kjölfarið kom blöndunarstefnan einnig hingað til lands. Stefnan fól í sér að fatlað fólk ætti fullan rétt á að taka þátt í samfélaginu á sama hátt og aðrir og öllum stofnunum þess (Jón Torfi Jónsson og Helgi Skúli Kjartansson, 2008).

Seinustu áratugi hefur breytt hugsun og meiri fræðsla skilað sér í auknum réttindum fatlaðs fólks. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er talinn hafa haft áhrif á réttindabaráttu fatlaðs fólks. Þar kemur fram að fatlað fólk skuli hafa sömu réttindi og aðrir á að lifa eðlilegu lífi. Með það að markmiði að uppfylla þessi skilyrði og gefa fötluðu fólki möguleikann á eðlilegu og sjálfstæðu lífi var talið að innleiðing á notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA) væri skref í rétta átt (NPA miðstöðin, e.d.-a).

3.4 Notendastýrð Persónuleg Aðstoð

Notendastýrð persónuleg aðstoð spratt upp úr hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf, hugmyndafræðin ryður sér til rúms um 1970 í Bandaríkjunum en varð svo fljótlega að alþjóðlegri hreyfingu. Hugmyndin um NPA er að umönnun við fatlaða sé ekki veitt af ríkinu eða af félagagasamtökum heldur fái þeir einstaklingar sem nýta sér NPA beinar greiðslur frá sínu sveitarfélagi. (Shakespeare, Porter og Stöckl, 2017). Það gerir fötluðum einstaklingum kleift að stjórna því hver veitir þeim þjónustuna, hvar þjónustan er veitt og hvernig hún er veitt. Markmið þjónustunnar er að auka lífsgæði fatlaðs fólks, meðal annars með því að þau

geti notið sjálfstæðis á borð við ófatlað fólk í samfélaginu (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.-a).

Þann 8. júní árið 2010 var samþykkt þingsályktunartillaga á Alþingi Íslendinga um innleiðingu á NPA (Vilborg Jóhannsdóttir og Freyja Haraldsdóttir, 2010). Fyrstu tilraunasamningar um NPA voru samþykktir árið 2012 og hófst þá bein framkvæmd samstarfsverkefnis ríkis og sveitarfélaga um NPA. Árið 2014 var áætlað að lögfesta NPA sem eitt helsta úrræði í þjónustu við fatlað fólk (Stjórnarráð Íslands, 2012-a). Það kom þó í ljós við frekari athugun að innleiðing NPA hér á landi væri umfangsmeiri en gert var ráð fyrir í fyrstu, þar sem útfærsla NPA krefst nýrrar hugsunar og viðhorfs ásamt því að gera þarf grundvallarbreytingar á félagslegri þjónustu á Íslandi. Fresturinn var því lengdur til loka árs 2016 en var síðar framlengdur til ársins 2017. Þegar ljóst var að ekki tækist að lögfesta NPA árið 2017 var lögð fram sú tillaga að sérstakt frumvarp um NPA yrði lagt fram svo hægt væri að lögfesta NPA ekki seinna en á haustþingi 2017 og myndi það þá taka gildi frá og með 1. Janúar 2018, það náðist þó ekki (þingskjal nr. 28/2017-2018). Það var þann 26. apríl 2018 sem Alþingi Íslendinga lögfesti frumvarp um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, NPA (Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir og Ásrún Brynja Ingvarsdóttir, 2018).

Við gerð á NPA samning þarf einstaklingurinn sjálfur að meta væntingar sínar og hversu mikla stuðningsþörf hann telur sig þurfa. Það er gert vegna þess að sjálfsmat er talið mikilvægt atriði í hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Að lokum er það þó í höndum sveitarfélagsins að ákveða hversu mikla þjónustuþörf viðkomandi þarf á að halda (NPA miðstöðin, 2015-b). Allir þeir sem falla undir lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og eru með lögheimili á Íslandi geta sótt um NPA samning. Einstaklingur sem uppfyllir þau skilyrði og á rétt á NPA samning getur fengið fjármagnið og ráðið sjálfur til sín starfsfólk ásamt því að sjá um starfsmannahald og stýra starfsemi. Viðkomandi getur þó einnig falið sveitarfélaginu sínu að sjá um þetta utanumhald í samstarfi við sig eða annan aðila sem viðkomandi treystir (Samband íslenskra sveitarfélaga, e.d.-a).

Inni á heimasíðu NPA á Íslandi er frásögn um upplifun Ragnars Gunnars af NPA. Þar kemur fram að Ragnar hafi verið hreyfihamlaður frá unglingsaldri og að þörf hans fyrir aðstoð hafi hafi aukist með árunum. Hann segir að NPA hafi hjálpað honum mikið ásamt því að styrkja stöðu hans og hlutverk í fjölskyldunni ásamt samfélaginu. Hann upplifir ekki lengur að það að fá aðstoð sé heftandi heldur upplifir hann frelsi. Hann telur að hann væri ekki í því starfi sem hann er í dag ef ekki væri fyrir NPA (NPA miðstöðin, 2015-b).

4 Aðgengi fyrir fatlað fólk

Í þessum kafla verður útskýrt hvað felst í hugtakinu aðgengi. Næst verður skoðað hvernig fatlaðir einstaklingar geta nýtt sér tækni, hvernig aðgengi að vefnum hefur þróast hér á landi ásamt því að fjalla um af hverju aðgengi að tækni sé fötluðu fólki mikilvæg. Þá verður fjallað um aðgengi fatlaðra að ferðamannastöðum og hvernig þróunin í þeim málum hefur verið hér á landi undanfarin ár.

4.1 Aðgengi

Fötlun getur verið mjög margvísleg, einstaklingar geta verið hreyfihamlaðir, með skerta hreyfigetu eða með sjón- eða heyrnaskerðingu svo dæmi sé tekið. Það eru þó flestir sem þurfa á aðlöguðu aðgengi að halda einhvern tímann á ævinni, það getur verið fólk með barnavagna, eldri borgarar eða fólk sem hefur slasað sig og er tímabundið ekki með fulla hreyfigetu. Gott aðgengi er því lykillinn að því að fatlað fólk og aðrir þjóðfélagsþegnar geti tekið fullan þátt í samfélaginu (Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar, e.d.-a). Hægt er að skilgreina aðgengi sem getu til að fá aðgang. Aðgengi vísar til hönnunar, svo sem hvernig byggingar, vörur, tæki eða umhverfið eru hönnuð með það að markmiði að allir hafi jafnan aðgang. Aðgengileg hönnun tryggir bæði beinan aðgang, þá er átt við að aðgengi sé nógu gott svo að viðkomandi þurfi ekki aðstoð, og óbeinan aðgang, það er ef viðkomandi fær aðstoð í gegnum tækni, til dæmis tölvu (Disabled World, 2015).

4.2 Aðgengi með tækninni

Vefaðgengi (e. web accessibility) felur meðal annars í sér að ólíkir hópar, svo sem fatlaðir, blindir og sjónskertir hafi aðgang af þjónustu opinberra aðila, fyrirtækja og annarra upplýsinga sem eru á rafrænu formi (Arnar Pálsson og Sigurður Davíðsson, 2006).

Það er ljóst að aðgengi fatlaðs fólks að rafrænni þjónustu, þá sérstaklega er varðar þjónustu hins opinbera, verður sífellt mikilvægari. Árið 2005 var í fyrsta skipti gerð stór og viðamikil úttekt á vefjum ríkis og sveitarfélaga á Íslandi, alls voru skoðaðir 246 vefir. Vefirnir voru metnir útfrá rafrænni þjónustu, aðgengi, innihaldi og nytsemi. Niðurstöður úttektarinnar sýndu fram á að margt þyrfti að bæta er varðar aðgengi fatlaðs fólks að vefjum ríkis og sveitarfélaga (Arnar Pálsson og Sigurður Davíðsson, 2006).

Þessar kannanir hafa verið gerðar annað hvert ár síðan 2005 á opinberum vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga. Nýjasta könnunin var gerð árið 2017, þá var einnig gerð úttekt á öryggi opinberra vefja og þeir kannaðir með því markmiði að finna veikleika í

öryggi þeirra, séu þeir til staðar (Stjórnarráð Íslands, e.d.-b). Niðurstöður könnunarinnar sem gerð var 2017 sýndi fram á jákvæða þróun á öllum sviðum, það er að segja í innihaldi, nytsemi og aðgengi (Jóhanna Símonardóttir, 2017).

Árið 2008 var fyrst gefin út vefhandbók með því markmiði að stuðla að samræmi í vefhönnun opinberra aðila, bæta aðgengi fatlaðs fólks og eldri borgara, ásamt því að bæta þjónustu við almenning (Stjórnarráð Íslands, e.d.-c). Í þriðja kafla vefhandbókarinnar er fjallað um aðgengi og nytsemi vefja. Fram kemur í þessum kafla að tryggja skuli jafnt aðgengi að vefefni fyrir alla og taka þar með mið að þörfum ólíkra hópa. Til að tryggja að það verði gert skulu opinberir aðilar hér á landi fylgja leiðbeiningum frá alþjóðlegu staðlasamtökunum, Worldwide Web Consortium, sem kveða á þau atriði sem þarf að uppfylla svo vefurinn teljist aðgengilegur öllum (Stjórnarráð Íslands, e.d.-d).

Til eru mörg dæmi um að tæknin hafi breytt lífi einstaklinga sem búa við ákveðnar skerðingar. Elina er gott dæmi um það, hún fæddist með heilahimnubólgu og hefur verið fötluð frá fæðingu. Þegar hún var níu ára gömul fékk hún tölvu sem gjörbreytti lífi hennar, tölvan hefur gefið henni sjálfstæði. Hún notar stýripinna til að hjálpa sér að teiknað og skrifa. Einnig notast hún við lyklaborð sem heitir keyStrokes, það hjálpar henni að skrifa texta og leiðréttir hana ef þess er þörf (Assistive Ware, e.d.).

4.3 Aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannstöðum

Hugtakið aðgengileg ferðaþjónusta (e. accessible tourism) er tiltölulega nýtt hugtak innan ferðaþjónustunar. Með þessu hugtaki er átt við að allir, þar með talið fatlaðir, aldraðir og aðrir veikir einstaklingar geti notið þess að ferðast og sjá þær náttúruperlur sem heimurinn býður uppá án þess að verða fyrir einhverjum hindrunum á leiðinni. Aðgengileg ferðaþjónusta snýr þó ekki eingöngu að því að allir hafi sama möguleikann á að ferðast heldur þurfa allir að geta haft greiðan aðgang að þeim upplýsingum sem snúa að ferðalaginu eða þeim áfangastöðum sem viðkomandi einstaklingur ætlar að heimsækja (Morelli, Nocco, Petrillo og Stolfi, 2004).

Evrópusambandið hefur sýnt aðgengismálum fatlaðra að ferðamannstöðum áhuga og hefur gefið evrópsku staðlasamtökunum leyfi til að fara í staðlavinnu á því sviði. Það eru raunhæfar væntingar um sameiginlegan evrópskan staðal, sú vinna getur þó tekið langan tíma. Á meðan unnið er að samevrópskum staðli hvetja forsvarsmenn European Network for Accessible Tourism þjóðir í Evrópu til að vera í samvinnu í þessum málum, það mun svo síðar

gagnast við vinnu að samevrópska staðlinum um aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum (Birna Hreiðarsdóttir, 2015).

Í Noregi var búinn til staðallinn *NS 11010:2011*, þessi staðall fjallar um aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum í Noregi. Margir fagaðilar komu að gerð staðalsins, meðal annars hagsmunaaðilar, sjálfstæðir sérfræðingar og stjórnvöld. Í norska staðlinum koma fram yfir 100 kröfur á 14 meginviðum sem ferðaþjónustufyrirtæki í Noregi þurfa að uppfylla. Helstu kröfur eru bætt aðgengi, upplýsingar, þjónusta, öryggi og upplifun. Auk þessara atriða er tekið fram að veita skuli starfsfólki í ferðaþjónustu þjálfun og þekkingu á mismunandi hópum fatlaðra ferðmanna, samskiptum við fatlaða og hvernig öryggisatriðum í sambandi við fatlaða skuli vera háttað (Birna Hreiðarsdóttir, 2015).

Handbók fyrir ferðaþjónustuaðila ríkja í Norður-Atlantshafi fór í vinnslu árið 2015. Það voru fjölmargir aðilar sem styrktu verkefnið, meðal annars North Atlantic Co-Operation (NORA), Ferðamálastofa, og iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Stefnt var á að fyrsti hluti handbókarinnar yrði tilbúinn í júlí 2016, í fyrsta hlutanum skyldi vera tekið á innisvæðum, bókunarþjónustu og fleiru. Í næsta hluta skyldi vera einblínt á að kynna handbókina ásamt því að taka útisvæðin fyrir, það yrði gert á tímabilinu 2016-2017. Stefnan var svo sett á að ljúka verkefninu á tímabilinu 2017-2018 og þá skyldi setja upp vefsíðu sem hefði að geyma ítarlegar upplýsingar um aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum á Vestur-Norðurlöndum (Ferðamálastofa, 2015).

Árið 2016 gerði Átak, félag fólks með þroskahömlun rannsókn á aðgengi að ferðamannastöðum á Íslandi fyrir erlenda fatlaða ferðamenn. Áhugi Átaks fyrir að kanna aðgengi fyrir erlenda fatlaða ferðmenn hér á landi kviknaði þegar erlendur ferðamaður var vistaður í fangelsi hér á landi árið 2015. Ástæða fyrir fangelsisvistun hans var að hann var ekki upplýstur um réttindi sín með þeim hætti að hann skildi hvað færi fram (Venny Hönnudóttir, 2016).

Þeir ferðamannastaðir sem skoðaðir voru í rannsókninni voru: 1) Gullni hringurinn, 2) Gullfoss, 3) Suðurland, 4) Skrúðgarðurinn í Hveragerði, 5) Seljalandsfoss, 6) Reynisfjara, 7) Söfn á höfuðborgasvæðinu (Venny Hönnudóttir, 2016).

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að aðgengi á ferðamannastöðum á Íslandi væri mjög ábótavant og að aðgengi fyrir hjólastóla væri einna verst. Það var misjafnt eftir stöðum hvaða aðgengiskröfur voru uppfylltar hverju sinni (Venny Hönnudóttir, 2016).

5 Lög og samningur Sameinuðu þjóðana er varða aðgengis mál fatlaðs fólks

Í þessum kafla verða þær greinar er varða aðgengi í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 og í lögum um mannvirki nr. 160/2010 skoðaðar. Næst verður fjallað um samning Sameinuðu þjóðana um réttindi fatlaðs fólks, áhersla verður á að skoða þau ákvæði er varða aðgengi ásamt því að skoða hvaða áhrif fullgilding samningsins hefur fyrir fatlað fólk og löggjöf hér á landi. Að lokum verður svo fjallað um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021, þar sem samningur Sameinuðu þjóðana er hafður að leiðarljósi.

5.1 Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992

Lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðra tóku gildi þann 1. september árið 1992. Árið 2010 var svo gerð breyting á þeim lögum, lög um breytingu á lögum nr 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingu, en þessar breytingar áttu sér stað í kjölfar yfirfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga. Í þeim lögum kemur fram að tekið hafi verið mið af samningi Sameinuðu þjóðana um réttindi fatlaðs fólks við framkvæmd laganna. Þá kveða lögin á um að stjórnvöld skulu tryggja að heildarsamtök fatlaðs fólks og aðildarfélög þeirra geti haft áhrif á ákvarðanir er varða málefni fatlaðs fólks.

Í 1.gr. laga nr. 59/1992 er fjallað um markmið laganna, þar kemur fram að fatlað fólk skuli búa við sömu réttindi og líf skjör og aðrir þjóðfélagsþegnar ásamt því að búa við skilyrði sem skapi þeim eðlilegt líf. Fram kemur í 8. gr. laganna að fatlað fólk skuli fá þá þjónustu sem það þarf til að lifa og starfa í eðlilegu samfélagi til jafns við aðra. Veita skal þjónustuna út frá því hvað hentar best hverju sinni, með það að markmiði að stuðla að sjálfstæðu heimilishaldi.

Í 10. gr. er fjallað um búsetu fatlaðs fólks. Í 1. mgr. 10. gr. kemur fram að fatlað fólk eigi rétt á félagslegri þjónustu sem geri þeim kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er. Þá kemur fram í 34. gr. laganna að sveitarfélög skuli sinna ferlimálum fatlaðs fólks með skipulögðum hætti, meðal annars með gerð áætlana um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana í samræmi við ákvæði mannvirkjalaga og skipulagslaga sem og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

5.2 Lög um mannvirki nr. 160/2010

Í 1.gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010 er kveðið á um markmið laganna. Þar kemur fram að markmið þeirra sé meðal annars að vernda líf og heilsu manna með því að tryggja faglegan

undirbúning við mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt, þá er það einnig markmið laganna að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja, stuðla að vernd umhverfisins með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja, stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði og tryggja aðgengi fyrir alla.

Í 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna er skilgreint hvað er átt við með aðgengi fyrir alla. Þar kemur fram að átt sé við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi eða notkun mannvirkja að sökum fötlunar, veikinda eða skerðinga og skulu allir eiga sama rétt á að komast með öruggum hætti inn og út úr mannvirkjum, það á einnig við ef eitthvað kemur uppá, svo sem eldsvoði. Þá skal algild hönnun og sjónarmið hennar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfi þeirra. Fram kemur í 3. tl. 1. mgr. 5. gr. laganna að eitt af helstu verkefnum Mannvirkjastofnunar eru að annast aðgengismál í mannvirkjum.

5.3 Samningur sameinuðu þjóðana um réttindi fatlaðs fólks

Ísland undirritaði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2007. Það var svo ekki fyrr enn 20. september árið 2016 sem Alþingi fullgilti samninginn. Markmið samningsins er að tryggja fötluðu fólki full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi til jafns við aðra þjóðfélagsþegna (Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar, e.d.-b).

Í fimmta lið formála samningsins kemur fram að öll ríki sem eiga aðild að þessum samningi skulu viðurkenna mikilvægi þess að öllu fötluðu fólki sé tryggt aðgengi að efnis-, félags-, efnahags- og menningarlegu umhverfi, ásamt því að allir njóti menntunar og heilbrigðis. Tryggja skal aðgengi að upplýsingum og samskiptamiðlum svo fatlað fólk njóti frelsis og mannréttinda að fullu (Stjórnarráð Íslands, e.d.-e).

Í 3. gr. samningsins eru taldar upp almennar meginreglur samningsins, þær eru 8 talsins. Þar kemur fram að aðgengi sé eitt af þessum meginreglum. Í 4. gr samningsins er kveðið á um að gefa skuli fötluðu fólki upplýsingar um hreyfibúnað, hjálpargögn og tæki sem eru þeim aðgengileg, það á einnig við um nýja tækni, stoðþjónustu, aðstöðu og annars konar aðstoð (Stjórnarráð Íslands, e.d.-e).

Ákvæði 9. gr. samningsins fjallar alfarið um aðgengi, þar kemur fram að öll ríki sem eru aðili að þessum samningi skulu gera ráðstafanir sem stuðla að því að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt í öllu því sem samfélagið hefur uppá að bjóða. Til að tryggja að svo sé þarf að veita fötluðu fólki aðgengi til jafns við aðra þjóðfélagsþegna á

öllum sviðum, meðal annars efnislegu umhverfi, upplýsingum, samgöngum og allri annari þjónustu sem stendur almenningi til boða. Þetta skal bæði gert í þéttbýli og dreifbýli. Það skal gert með því að ryðja þeim hindrunum úr vegi er varða aðgengi fatlaðs fólks, þessar hindranir geta náð til bygginga, samgangna, skóla, heilbrigðisþjónustu, rafrænnar þjónustu og neyðarþjónustu svo eitthvað sé nefnt (Stjórnarráð Íslands, e.d.-e).

Fullgilding á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var mikilvæg. Það að Ísland hafi fullgilt samninginn þýðir að Íslandi ber skylda að fylgja þeim skuldbindingum er felast í samningnum ásamt því að innleiða eða framkvæma þær skyldur sem fram koma í samningnum. Fullgildingin setur líka ákveðna pressu á að þær úrbætur sem þurfa að eiga sér stað, séu framkvæmdar þar sem ríkið þarf að skila inn skýrslu um framkvæmd samningsins innan tveggja ára frá því að fullgildingin átti sér stað, einnig er óskað eftir skuggaskýrslum frá hagsmunaaðilum. Skuggaskýrsla er skýrsla sem gerð er af óháðum aðila, það er að segja ekki aðilum innan ríkisvaldsins. Nefnd Sameinuðu þjóðanna fer svo yfir báðar skýrslurnar. Þegar búið er að fara yfir skýrslurnar gefur nefndin út tilmæli til úrbóta ef þörf er á. Þetta getur verið mjög mikilvægt því dæmi eru um að ríki hafi bætt stöðu fatlaðs fólks umtalsvert í sínu ríki eftir að hafa fengið slík tilmæli frá nefnd Sameinuðu þjóðanna (Öryrkjabandalag Íslands, e.d.)

Þá hefur fullgilding samningsins einnig áhrif á íslenska löggjöf þar sem það er viðurkennd lögskýringaraðferð á Íslandi að lög skulu gerð með tilliti til fullgildra alþjóðasamninga, það er því ljóst að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks ætti að öllum líkindum að hafa áhrif á lagapróun í málefnum fatlaðra á Íslandi. Samningurinn felur einnig í sér skuldbindingu stjórnvalda til að vera í samráði við fatlað fólk þegar unnið er í málum er það varðar ásamt því að fatlað fólk getur krafist úr bóta á sínum málum í gegnum dómskerfið telji það brotið á sér (Öryrkjabandalag Íslands, e.d.)

Þegar litið er til þess hvort lögum og samningi Sameinuðu þjóðanna er varðar aðgengismál fyrir fatlað fólk sé framfylgt hér á land má benda á frétt sem birtist á vef Vísis fyrir rétt rúmu ári síðan. Fréttin fjallaði um aðgengismál fatlaðra í Háskóla Íslands. Í fréttinni segir frá því að jafnréttisnefnd hafi gert óformlega úttekt á aðgengi fyrir fólk í hjólastólum á háskólasvæðinu. Þar kom í ljós að ekki væri aðgengi fyrir fatlað fólk í hjólastólum á lesstofum skólans þar sem engir rafmagnsrofar væru þar fyrir hurðar, þá voru engin borð sem hægt var að hækka eða lækka. Einnig kom í ljós að tölvustofurnar eru með þungar og þröngar hurðir

og án rafmagnsrofa. Þá segja þau sem eru í nefndinni og sáu um að kanna aðgengið að það hafi mikið komið á óvart hversu lélegt aðgengið sé í raun og veru (Sunna Kristín Hilmarsdóttir, 2017).

5.4 Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021

Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu félags- og jafnréttismálaráðherra um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021 þann 31. maí 2017. Í þessari áætlun koma fram 39 verkefni á sjö málavíðum sem tengjast aðgengi, menntun, sjálfstæðu lífi, atvinnu, heilsu, þróun þjónustu og ímynd og fræðslu. Framkvæmdaáætlunin var unnin í samráði við þjónustuaðila, samtök fatlaðs fólks og stofnanir og sérfræðinga með því markmiði að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði innleiddur í alla lagaumgjörð hér á landi. Það skal gert til að fatlað fólk eigi möguleika á að lifa sjálfstæðu lífi og njóti sömu mannréttinda og aðrir þjóðfélagsþegnar (Stjórnarráð Íslands, e.d.-f).

Mikið er fjallað um aðgengi fatlaðs fólks í þingsályktunartillögunni. Þar kemur meðal annars fram að eitt af undirmarkmiðunum sé að fatlað fólk hafi aðgengi að samfélaginu til jafns við aðra. Fram kemur að algild hönnun skuli höfð að leiðarljósi við alla skipulagningu manngerðs umhverfis ásamt því að unnið skal að fræðsluefni um samfélagslegt gildi algildar hönnunar, með því markmiði að auka þekkingu almennings á algildri hönnun. Einnig skal algild hönnun verða innleidd við breytingar á þegar byggðu húsnæði til að bæta aðgengi að eldri húsnæðum. Fram kemur í byggingarreglugerð nr. 112/2012 að algild hönnun sé:

„Hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu sem allir geta nýtt sér, að því marki sem aðstæður leyfa, án þess að koma þurfi til sérstök útfærsla eða hönnun. Algild hönnun útilokar ekki hjálpartæki fyrir fatlaða sé þeirra þörf.“

Í þingsályktuninni kemur einnig fram að huga skuli að aðgengi við skipulagningu nýs húsnæðis og íbúðabyggða ásamt því að styðja skal fólk fjárhagslega þurfi það að gera breytingar á heimili sínum vegna fötlunar. Réttindi að upplýsingum, þjónustu og annað efni skal vera fötluðu fólki aðgengilegt, það felst í því að upplýsingar og annað efni skal vera sett fram á skiljanlegan hátt og vera byggt á aðferðafærði algildrar hönnunar. Bæta þarf möguleikann á almenningssamgöngum fyrir fatlað fólk, það má meðal annars gera með því að bæta aðgengi að biðskýlum og hafa afmörkuð svæði fyrir hjólastóla í strætisvögnum (þingskjal nr. 16/2016-2017).

Í þingsályktuninni kemur fram sú hugmynd að opinberir aðilar skipi svokallaða aðgengisfulltrúa sem sjá um gerð áætlana á úrbótum á aðgengi. Hlutverk þeirra yrði að sjá til þess að gerðar væru úttektir á aðgengi, telji aðgengisfulltrúi að þörf sé á úrbótum á ákveðnum stöðum skal viðkomandi sjá um gerð tímasettrar áætlunar sem segir til um þær úrbætur sem þarf að gera. Þetta skal gert með því markmiði að aðgengi hindri ekki samfélagsþáttöku fatlaðs fólks (þingskjal nr. 16/2016-2017).

6 Líkamleg og andleg heilsa fatlaðs fólks

Í þessum kafla verður fjallað stuttlega um heilsu fatlaðs fólks ásamt því að skoða íslenska rannsókn sem var gerð hér á landi árið 2007 um heilsu og fötlun. Einnig verður fjallað um andlega heilsu fatlaðs fólks, af hverju fatlað fólk verður frekar fyrir fordómum og hvernig slæmt aðgengi getur meðal annars haft áhrif á að fatlað fólk verði fyrir félagslegri útskúfun í samfélaginu.

6.1 Fötlun og heilsa

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin skilgreinir heilsu sem almenna velferð, sem felst í líkamlegri, andlegri, og félagslegri heilsu. Fatlað fólk verður gjarnan fyrir mismunun í daglegu lífi og er þar af leiðandi líklegra til að búa við erfiðari félagslegar aðstæður, fordóma frá samfélaginu og lakari kjör. Þessir þættir geta haft áhrif á heilsu og aðgengi að heilbrigðisþjónustu og því er mikilvægt að skoða tengsl á milli fötlunar og heilsu (WHO, 2011).

Fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós fatlað fólk búi við lakara aðgengi að heilbrigðisþjónustu og að heilbrigðisstarfsfólk eigi það til að vera með fordóma og hafi ekki nægilega þekkingu til að sinna einstaklingum með fötlun. Árið 2017 var gefin út íslensk rannsókn um fötlun og heilsu. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi rannsóknina fyrir velferðarráðuneytið, að beiðni Landslæknisembættisins. Markmið rannsóknarinnar var að fá betri upplýsingar um heilbrigði fatlaðs fólks á Íslandi. (Hrafnhildur Snæfríðar og Gunnarsdóttir, 2017-a).

Þetta var þversniðsrannsókn og náði til fullorðins fólks sem notaðist við þjónustu sveitarfélaga sem veitt er á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Lagður var spurningalisti fyrir úrtak notenda með því markmiði að fá upplýsingar er varða lýðheilsu fatlaðs fólks. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu meðal annars í ljós að fatlaðir einstaklingar töldu líkamlega og andlega heilsu sína talsvert verri ef miðað er við þjóðarúrtak. Einnig kom í ljós að fatlað fólk glímir við kvíða og þunglyndi í meiri mæli en ófatlaðir (Hrafnhildur Snæfríðar og Gunnarsdóttir, 2017-b).

6.2 Fordómar

Skilgreina má fordóma sem viðhorf og skoðanir fólks til ákveðinna einstaklinga eða hópa. Viðhorf og skoðanir fólks myndast oft á tíðum út frá mismunandi þáttum og þekkingarleysi sem geta leitt til misréttis, þessir þættir geta til dæmis verið kynþáttur, fötlun eða þjóðerni.

Fordómar geta svo leitt til félagslegrar útskúfunar ákveðinna hópa eða einstaklinga frá samfélaginu (Kristjana Jokumsen og Rannveig Traustadóttir, 2014).

Bretland er eitt þeirra landa sem er aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þeir telja því mikilvægt að safna rannsóknarupplýsingum með því markmiði að þróa stefnumótun sem berst gegn fordómum og staðalímyndum fatlaðra. Það var því gerð rannsókn árið 2005, *British Social Attitudes Surveys*, sem fólst í því að rannsaka viðhorf almennings til fatlaðra. Rannsóknin var svo endurtekin árið 2009 og niðurstöður rannsókna bora saman (Staniland, 2011).

Þegar skoðaðar voru niðurstöður rannsókna útfrá fordómum, kom í ljós að viðhorf almennings til fatlaðra hefur batnað frá árinu 2005 til ársins 2009. Þetta var metið út frá því að færri einstaklingar töldu að fatlað fólk væri fyrir þeim eða þætti óþægilegt að vera í kringum þá, einnig voru fleiri farnir að hugsa um fatlað fólk sem hluta af samfélaginu eins og alla aðra. Það er engu að síður ljóst að fordómar gagnvart fötluðum voru enn til staðar árið 2009, þar sem næstum 8 af hverjum 10 svarendum töldu að fatlað fólk yrði fyrir fordómum frá samfélaginu. Þrátt fyrir að fólk sé lítið að tilkynna neikvæðar skoðanir sínar í garð fatlaðs fólks opinberlega mátti sjá á nokkrum svörum rannsókna að fólk taldi fatlaða meðal annars ekki eins færa til að sinna valdamiklum stöðum í samfélaginu, á borð við þingmann eða yfirmann vinnustaðar (Staniland, 2011).

Rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi sýna fram á að fatlað fólk telur að auka þurfi fræðslu og stuðla að vitundarvakningu til að sporna við fordómum almennings. Ástæðan er sú að fordómar eiga sér fyrst og fremst stað að sökum þekkingarleysis á fötlun og aðstæðum fatlaðs fólks. Sé aðgengi ábótavant ýtir það enn frekar undir aðgreiningu fatlaðs fólks sem getur komið til með að stuðla að auknum fordómum. Það er því ljóst að mikilvægt er að auka fræðslu um fötlun og fatlað fólk hér á landi, bæði til að auka vitneskju almennings og gera fatlað fólk sýnilegra í samfélaginu, með það að markmiði að draga úr fordómum og félagslegri útskúfun (Kristjana Jokumsen og Rannveig Traustadóttir, 2014).

6.3 Félagsleg útskúfun

Til eru margar og misjafnar skilgreiningar á félagslegri útskúfun, margar þeirra leggja mikla áherslu á fátækt eða sviptingu á atvinnu. Þetta eru alls ekki einu atriðin sem ná til félagslegrar útskúfunar, hún er flókin og fjölvíða. Félagsleg útskúfun felur meðal annars í sér skort á réttindum, auðlindum og þjónustu. Einnig felur hún í sér hindranir til að taka þátt í

eðlilegri starfsemi eða samskiptum við annað fólk í samfélaginu, hvort sem er á félagslegum, efnahagslegum, pólitískum eða menningarlegum vettvangi. Þessir hlutir geta haft veruleg áhrif á lífsgæði einstaklinga, eigið fé þeirra og samheldni í samfélaginu (Appleton og Field, 2014).

Til eru mismunandi form af félagslegri útskúfun, þau helstu eru: pólitísk, menningarleg, efnahagsleg og félagsleg útskúfun. Þegar talað er um pólitíska útskúfun er átt við að þeir einstaklingar eða hópar hafa ekki sömu réttindi, frelsi eða tækifæri og aðrir. Menningarleg útskúfun vísar til þess að þau gildi, reglur eða þær leiðir sem notaðar eru til að lifa hjá þessum ákveðna hóp eru ekki samþykktar eða virtar í samfélaginu. Efnahagsleg útskúfun er þegar einstaklingur eða hópur hefur lítið sem ekkert fjármagn á milli handanna og hefur ekki sama aðgengi eða möguleika á vinnumarkaði. Þegar einstaklingar eða ákveðinn hópur fær lakari aðgang eða minni tækifæri í samfélaginu að sökum þjóðernis, aldurs eða fötlun er talað um félagslega útskúfun (Appleton og Field, 2014).

Fatlaðir eru einn af þeim hópum sem eru í hvað mestri hættu á að verða fyrir félagslegri útskúfun ef marka má fyrri rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu sviði. Þá hafa fyrri rannsóknir einnig sýnt fram á að gott aðgengi sé forsenda samfélagsþátttöku fatlaðs fólks og því getur skortur á aðgengi ýtt enn frekar undir félagslega útskúfun og fordóma gagnvart fötluðum. Baráttuhreyfingar fatlaðs fólks hafa lagt mikla áherslu á mikilvægi aðgengis, ásamt því að vekja athygli á því að aðgengi nái til margra þátta, svo sem umhverfi, aðgengi að upplýsingum og fræðslu, aðgengi að hjálpartækjum og aðgengi að ferðakostum (Kristjana Jokumsen og Rannveig Traustadóttir, 2014).

Rannsóknir er varða aðgengi í umhverfinu leiða í ljós að sé aðgengi mjög ábótavant upplifa fatlaðir sig enn frekar sem þiggjendur í samfélaginu og líta þar af leiðandi ekki á sig sem sjálfstæðan borgara. Einnig hefur verið sýnt fram á að lélegt aðgengi í manngerðu umhverfi ýtir undir félagslega útskúfun þar sem möguleikar fatlaðra á menntun, atvinnu, frístundastarfi og heimsóknum til vana og ættingja eru ekki þeir sömu og fyrir aðra borgara. Þá hafa rannsóknir sem snúa að aðgengi að upplýsingum og fræðslu sýnt fram á að margir minnihlutahópar geti ekki nýtt sér tæknina að fullu að sökum lélegs aðgengis og getur það orðið til þess að þeir einangrist í upplýsingasamfélaginu. Steinunn Þóra Árnardóttir gerði rannsókn sem beindist að aðgengi að hjálpartækjum, í ljós kom að fatlað fólk upplifir gjarnan slæmt viðhorf og fordóma þegar sótt er um hjálpartæki. Ástæðan er sú að sérfræðingar telja sig vita betur hvað hentar viðkomandi og eru ekki tilbúnir að taka tillit til persónulegra þarfa

eða óska þeirra sem sækja um. Einnig upplifa fatlaðir oft á tíðum að kostnaður hjálpartækjanna skipti meira máli en þarfir þeirra. Gerðar hafa verið rannsóknir á *aðgengi fatlaðra að ferðakosti*, þær leiddu í ljós að fatlaðir einstaklingar telja ferðapjónustu fatlaðra er ekki nægilega góða, oft þarf að panta með löngum fyrirvara, þjónustan er einungis í boði á ákveðnum tíma dags og þá hefur hver og einn einstaklingur aðeins rétt á takmörkuðu magni ferða í mánuði, sem oftast eru of fáar. Rannsóknirnar leiddu einnig í ljós að slakt aðgengi fólks að ferðakostum verður til þess að þátttaka fatlaðra í samfélaginu er takmörkuð, það stuðlar svo að félagslegri útskúfun og einangrun (Kristjana Jokumsen og Rannveig Traustadóttir, 2014).

Samkvæmt meginmarkmiði í málaflokki fatlaðs fólks 2012-2020 skal berjast gegn fátækt og félagslegri útskúfun, einnig kemur fram að fatlað fólk skuli njóta góðs af öllum almennum aðgerðum stjórnvalda og með því skuli stuðlað að jöfnuði, það á meðal annars við á sviði mennta-, trygginga-, húsnæðis-, og atvinnumála (þingskjal nr. 1496/2011-2012). Ef marka má rannsóknirnar sem farið var yfir hér er varða aðgengi og félagslega útskúfun fatlaðra þarf mikið að breytast svo að þetta markmið verði að veruleika.

7 Yfirfærsla á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

Í þessum kafla verður verður farið yfir hver séu markmiðin með tilfærslu málaflokks fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, og hvaða hugmyndafræði lá þar á bakvið. Næst verður fjallað um heildarmat og þær rannsóknir sem gerðar hafa verið til að kanna árangur yfirfærslunnar, svo verður skoðað hvaða áhrif þetta hefur haft á aðgengismál og að lokum verður fjallað um hverjir séu helstu ávinningar af yfirfærslunni ásamt því að skoða ókosti.

7.1 Markmið og hugmyndafræði á bak við yfirfærsluna

Þann 23. nóvember árið 2010 náðist heildarsamkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um að færa þjónustu við fatlað fólk alfarið yfir til sveitarfélaga. Þjónustan var formlega flutt yfir 1. janúar 2011. Yfirfærslan varð til þess að sveitarfélög bera nú ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk með öllum þeim réttindum og skyldum sem henni fylgja (Samband Íslenskra Sveitarfélaga, e.d.-b). Ríkið veitir þó ennþá þjónustu við fatlað fólk samanber lög um almannatryggingar nr. 100/2007 og lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007 og einnig ber ríkið ábyrgð á Tölvumiðstöð fatlaðra, Múlalundi, Vinnustöðum ÖBÍ, Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu og Blindravinnustofunni (Velferðarráðuneytið, 2014).

Eitt af markmiðum þess að flytja málaflokkinn frá ríki til sveitarfélaga var að tryggja fötluðu fólki sömu réttindi og líf skjör og aðrir þjóðfélagsþegnar búa við, ásamt því að skapa aðstæður sem veitir þeim möguleika á eðlilegu lífi. Ýmsar breytingar þurftu að eiga sér stað svo þetta gæti orðið að veruleika, það þurfti að samþætta fjárhagslega og faglega ábyrgð á hendur sveitarfélaganna, ásamt því að efla félagsþjónustuna í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Þar sem eitt af meginmarkmiðunum var góð nærþjónusta við hvern og einn var talið áhrifaríkast að hvert þjónustusvæði sem viðkomandi tilheyrði veitti honum viðeigandi úrræði og aðstoð. Þjónustusvæðin eru 15 á landinu, í hverju þjónustusvæði skulu vera að lágmarki átta þúsund íbúar. Þá var eitt af markmiðunum að styrkja sveitarstjórnarstigið og gera verkasiptingu milli ríkis og sveitarfélaga einfaldari (Samband Íslenskra Sveitarfélaga, e.d.-b).

Hugmyndafræðin á bakvið yfirfærsluna er sú að þjónustan sé veitt í nærsamfélagi notenda, því verða meiri líkur á að efla þátttöku þeirra í eigin málum og með því stuðla að auknu sjálfstæði þeirra. Þá var talið að sveitarfélögin væru betur í stakk búin að sinna heildstæðri og hagkvæmari þjónustu við íbúa sína en ríkið, þá er átt við að sveitarfélögin eigi betra með að veita mismunandi þjónustu sem fer eftir ólíkum þörfum hvers og eins (Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Gylfi Jónsson, 2016).

7.2 Rannsókn á upplifun starfsmanna og notenda af yfirfærslunni

Haustið 2012 var gerð rannsókn með það að markmiði að skoða hvernig yfirfærsla á málaflokki fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga hefði gengið. Það var ákveðið að halda sig við eitt sveitarfélag, Reykjavík, þar sem það er stærsta sveitarfélagið á landinu. Rannsóknin var eigindleg, tekin voru opin upplýsingaviðtöl við fagfólk sem hafði unnið við yfirfærsluna, það var misjafnt hvort það vann við skipulagningu og stjórnun eða með notendum þjónustunnar eftir að yfirfærslan hafði átt sér stað. Alls voru tekin átta viðtöl, valinn var einn fagaðili af hverri þjónustumiðstöð í Reykjavík, en þær eru sex talsins. Svo var tekið viðtal við einn fagaðila frá velferðarráðuneytinu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Viðmælendurnir voru af báðum kynjum og bjuggu yfir fjölbreyttri menntun og reynslu. Allir áttu það þó sameiginlegt að hafa unnið með fötluðu fólki hjá ríki eða sveitarfélagi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Gylfi Jónsson, 2016).

Skoðað var hvernig starfsmönnum þótti undirbúningur yfirfærslunnar hafa verið, það voru nánast allir á því að standa hefði þurft betur að undirbúningnum, sumum starfsmönnum fannst allt vera á síðustu stundu á meðan aðrir bentu á að endanleg lagasetning yfirfærslunnar fór ekki fram fyrir en tveimur vikum áður en sjálf yfirfærslan átti sér stað. Næst var fjármagn málaflokksins skoðað, þar voru einnig allir sammála um að fjármagn væri af skornum skammti. Sumir vildu hreinlega meina að málaflokkurinn væri búinn að vera fjársveltur lengi, á meðan aðrir töldu að það hafi ekki fylgt nægur peningur með yfirfærslunni (Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Gylfi Jónsson, 2016).

Að lokum var skoðað hvernig þverfaglegu samstarfi væri háttað meðal starfsmanna málaflokksins. Þegar unnið er með fötluðum þarf að hafa margt í huga og því er mikilvægt að beita heildarsýn. Það getur því verið gott ef ólíkir fagaðilar með mismunandi sjónarhorn vinna saman. Samkvæmt svörum frá þátttakendum virtist vera mikið um þverfaglegt samstarf í málaflokknum og almenn ánægja með það (Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Gylfi Jónsson, 2016).

Hér að ofan hefur verið fjallað um helstu þætti sem snertu starfsfólk í kjölfar yfirfærslu mála fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga, upplifun notenda af yfirfærslunni var einnig skoðuð og er því ekki síður mikilvægt að líta til þess hvort notendum þykir betur staðið að málaflokknum nú eða fyrir yfirfærsluna. Ef litið var til þeirra kosta sem notendur sáu með yfirfærslunni þá lék engin vafi um það að langflestir voru ánægðir með að nú þyrfti einungis að koma á einn stað til að sækja um eða fá þjónustuna. Nokkrir bentu á að fyrir yfirfærslu

hefðu margir verið að lenda á gráu svæði og var þeim þá vísað á milli þjónustuúrræða, annars vegar til svæðisskrifstofa eða til félagsþjónustu. Þá voru margir á því að þjónustunni hafi hrakað við yfirfærsluna, margir bentu á biðlista eftir þjónustu og búsetuúrræði, ekki væri boðlegt að bíða í marga mánuði eða jafnvel ár eftir liðveislu eða búsetuúrræði. Þá kom fram að ástæðan fyrir þessum biðlistum væri aðallega skortur á fjármagni og starfsfólki. Þá benti einn notandi þjónustunnar á að málaflokkur fatlaðs fólks hefði ekki verið að fá sömu réttindi og aðrir fyrir yfirfærslu og það sama ætti við eftir yfirfærsluna (Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Gylfi Jónsson, 2016).

7.3 Aðgengi

Samband íslenskra sveitarfélaga hóf að gera endurmat á yfirfærslunni í lok 2012, þar voru ýmsir verkþættir skoðaðir og hvernig hefði tiltekist með ýmsa þætti eftir yfirfærsluna. Aðgengismál voru einn af þessum þáttum sem skoðaðir voru, skoðaðir voru sex mismunandi aðgengisþættir, þeir voru: 1) Aðgengi að manngerðu umhverfi, 2) Framkvæmdir í þágu aðgengis að, eða notkunar íbúðarhúsnæðis, 3) Stofnframkvæmdir við byggingar í eigu eða á forræði sveitarfélaga, 4) Aðgengi að upplýsingum, 5) Möguleikar til tjáskipta, 6) Akstursþjónusta og önnur ferlimál (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2014-c).

Hvað varðar aðgengi að manngerðu umhverfi bar öllum sveitarfélögum að gera úttekt sem tæki mið af aðgengi að opinberum byggingum, umferðamannvirkjum og öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að, að lokum skyldi gerð áætlun um úrbætur ef þess yrði talin þörf. Markmiðið með þessari úttekt var að algild hönnun skyldi höfð að leiðarljósi við gerð allra mannvirkja. Starfsmenn þjónustusvæðanna voru því spurð hvort þau hefðu framkvæmt úttekt hvað varðar aðgengi að þeim stöðum er fram komu hér að ofan. Í ljós kom að fimm sveitarfélög höfðu framkvæmt úttektina, þá höfðu fimm sveitarfélög framkvæmt hana að hluta til, í tveimur sveitarfélögum var úttektin í vinnslu en í þrem hafði hún ekki átt sér stað (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2014-c).

Þegar skoðaðar voru framkvæmdir í þágu aðgengis að, eða notkunar íbúðarhúsnæðis kom í ljós að í tíu þjónustusvæðum hafi komið beiðni frá einstaklingum eða fjölskyldum þar sem óskað er eftir fjárhagslegum stuðningi til að breyta eða bæta í þágu aðgengis í íbúðarhúsnæði (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2014-c).

Þegar spurt var út í stofnframkvæmdir við byggingar í eigu eða á forræði sveitarfélaga kom í ljós að í átta þjónustusvæðum hafði verið farið í stofnframkvæmdir til að bæta aðgengi

að byggingum sem voru í eigu eða á forræði sveitarfélagana. Það voru fimm þjónustusvæði sem sögðu að engin slík vinna hefði átt sér stað en tvö sveitarfélög sögðu þetta vera í vinnslu (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2014-c).

Fatlað fólk skal hafa aðgang að öllum þeim upplýsingum er varða réttindi þeirra og þá þjónustu sem í boði er. Til að tryggja að svo sé eru öll sveitarfélög og þjónustusvæði hvött til að hafa heimasíður sínar aðgengilegar. Í könnuninni var því spurt úti hvort einhverjar athugasemdir hefðu borist er varðar aðgengi fatlaðs fólks að upplýsingum innan þjónustusvæðana, í ljós kom að í fimm þjónustusvæðum höfðu borist slíkar athugasemdir en í hinum tíu þjónustusvæðunum hafði ekkert borist (Samband íslenskra sveitafélaga, 2014-c).

Einnig var spurt um hvort einhver hafi gert athugasemd hvað varðar tjáskipti fatlaðs fólks innan þjónustusvæðis. Ekki var þá tekið skóla með þar sem það gilda sérstakar lagareglur þegar kemur að þeim. Það var þó einungis eitt þjónustusvæði sem hafði fengið athugasemd er varðar tjáskipti, þá var óskað eftir að sveitarfélagið hefði frumkvæði í að sækja um tjáskiptartölvu frá Öryggismiðstöðinni fyrir einn einstakling (Samband íslenskra sveitafélaga, 2014-c).

Að lokum var skoðað hvaða þjónustusvæði höfðu sett fram áætlun um akstursþjónustu í samvinnu við fatlað fólk með því markmiði að finna nýjar leiðir til að mæta þörfum notenda. Í ljós kom að níu þjónustusvæði sögðust vera búin að setja fram áætlun í samstarfi við notanda, á einum staðnum er úttektin sögð vera í vinnslu en fimm þjónustusvæði sögðust ekki hafa sett fram slíka áætlun (Samband íslenskra sveitafélaga, 2014-c).

8 Nálgun félagsráðgjafa í málefnum fatlaðra

Fatlað fólk er einn af þeim hópum sem búa við hvað mesta fátækt, félagslega útilokun og eru í stöðugri jafnréttisbaráttu. Frá því á áttunda áratugnum hefur fatlað fólk krafist réttinda sinna í auknum mæli, meðal annars með því að fá réttindi sín tryggð í lögum og reynt að stuðla að meiri vitundarvakningu og fræðslu í samfélaginu (Stainton, Chenoweth og Bigby, 2010).

Eins og fram kemur í siðareglum félagsráðgjafa skal félagsráðgjafinn koma fram við skjólstæðing sinn af virðingu og heiðarleika ásamt því að stuðla að gagnkvæmu trausti. Félagsráðgjafi skal einnig upplýsa skjólstæðing sinn um hver réttindi hans og skyldur séu, hvaða úrræði standa honum til boða og hvaða hjálparmöguleikar eru fyrir hendi. Sé skjólstæðingur ekki fær um að gæta hagsmuna sinna sjálfur skal félagsráðgjafi sjá til þess að réttur hans verði virtur. Einnig kemur fram í siðareglum félagsráðgjafa að í starfi félagsráðgjafa skuli lögð áhersla á heildarsýn og að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur, þá skulu félagsráðgjafar sinna starfi sínu án manngreiningarálits og bera virðingu fyrir réttindum hvers og eins. Markmið félagsráðgjafar er meðal annars að hjálpa einstaklingum sem eiga við félagsleg eða persónuleg vandamál að stríða ásamt því að sporna gegn félagslegu ranglæti (Landlæknir, e.d.).

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 kemur fram að bjóða skuli uppá félagslega ráðgjöf, markmiðið með ráðgjöfinni er að veita leiðbeiningar og upplýsingar er varða félagsleg réttindamál og félagslegan og persónulegan vanda. Einnig kemur fram í lögnum að ráða skuli félagsráðgjafa til að annast félagslega ráðgjöf í félagsþjónustu sveitarfélaganna. Nú þegar málefni fatlaðs fólks hafa flust frá ríki til sveitarfélaga eru félagsráðgjafar ásamt fleiri fagaðilum þeir sem sinna málefnum fatlaðra hjá félagsþjónustum landsins.

Árið 2009 var stofnuð ákveðin ráðgjafanefnd með það hlutverk meðal annars að veita starfsmönnum sambands íslenskra sveitarfélaga ráðgjöf um verkefni sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu, en félagsþjónustufulltrúi hefur umsjón með starfi nefndarinnar. Nefndin sinnir ýmsum verkefnum, meðal annars að koma með tillögur um áherslur og stefnumótun í málefnum fatlaðra og aldraðra, húsnæðismálum og barnaverndarmálum (Gyða Hjartadóttir, 2011).

Í kjölfar flutnings á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga sinna enn fleiri félagsráðgjafar málaflokknum í gegnum félagsþjónustu sveitarfélaga. Þeir félagsráðgjafar sem unnið hafa í málefnum fatlaðs fólks töldu mikilvægt að stofnuð yrði fagdeild fyrir félagsráðgjafa sem vinna að málefnum fatlaðs fólks. Sú fagdeild var stofnuð þann 5. apríl 2011. Félagsráðgjafar sem vinna að málefnum fatlaðs fólks eru fjölleitur hópur þar sem þeir vinna á ýmsum stöðum, meðal annars hjá Tryggingastofnun ríkisins, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, hjá hagsmunarsamtökum og öðrum félagasamtökum og í félagsþjónustu sveitarfélaga (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.).

9 Umræða og lokaorð

Markmið ritgerðarinnar var að kanna aðgengi fyrir fatlað fólk hér á landi. Þá var leitast við að varpa ljósi á hvaða áhrif slæmt aðgengi getur haft í för með sér og hvort yfirfærsla á málefnum fatlaðs fólks hafi haft einhver áhrif á aðgengismál hér á landi ásamt því að kanna hvort lögum og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er varðar aðgengismál sé framfylgt hér á landi. Einnig var fjallað um hvernig aðgengi að tækni getur haft áhrif á líf fatlað fólks og að mikilvægi þess að fatlað fólk hafi aðgang að ferðmannastöðum til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Að lokum var svo fjallað um starf félagsráðgjafa með fötluðum, hvernig reynsla og menntun félagsráðgjafa getur nýst í vinnu með fötluðum og hvernig samstarf félagsráðgjafa og fatlaðs fólks hefur aukist með tilfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga.

Gott aðgengi hefur áhrif á flesta einhvertímenn á lífsleiðinni. Eldra fólk, óléttar konur eða fólk með lítil börn, eða einstaklingar sem hafa slasað sig tímabundið eru allt hópar sem kunna að verða fyrir áhrifum skerts aðgengis tímabundið. Það er þó aðeins öðruvísi með fatlað fólk, það þarf að treysta á gott aðgengi til að sinna daglegu lífi sínu, komast í vinnu, hitta fjölskyldu og vini, fara út að borða eða í aðrar afþreyingar sem í boði eru, einnig þarf fatlað fólk að treysta á að aðgengi sé í lagi þegar valið er húsnæði til að búa í. Allt veltur þetta á því hvort aðgengi sé í lagi.

Slæmt aðgengi getur haft áhrif bæði á líkamlega og andlega heilsu fatlaðs fólks. Rannsóknir hafa sýnt fram á að fatlað fólk búi við lakara aðgengi að heilbrigðisþjónustu en aðrir, það getur orðið til þess að fatlað fólk eigi erfiðara með að sækja sér viðeigandi lækniástoð sem getur komið niður á líkamlegri heilsu þess. Einnig hafa fyrri rannsóknir sýnt fram á að sé aðgengi ábótavant ýti það enn frekar undir aðgreiningu fatlaðs fólks sem getur komið til með að stuðla að auknum fordómum í garð þeirra. Ásamt því hefur verið sýnt fram á að fatlað fólk sé sá hópur sem er í hvað mestri hættu á að verða fyrir félagslegri útskúfun, þar sem gott aðgengi er forsenda samfélagsþáttöku fatlaðs fólks.

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 kemur fram að fatlað fólk skuli búa við sömu réttindi og lífskjör og aðrir þjóðfélagsþegnar. Í lögum um mannvirki nr. 160/2010 kemur fram að tryggja verði aðgengi fyrir alla við hönnun og gerð mannvirkja, einnig er tekið fram að ekki skuli mismuna fólki um aðgengi eða notkun mannvirkja að sökum fötlunar, veikinda eða skerðinga. Ísland fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þann 20. september árið 2016. Í samningnum kemur fram að markmið hans sé að tryggja

fötluðum full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi til jafns við aðra í samfélaginu. Í 9. gr. samningsins er ákvæði sem einungis fjallar um aðgengi, þar kemur fram að öll þau ríki sem eru aðili að samningnum skulu gera fötluðu fólki keift að lifa sjáfstæðu lífi og taka fullan þátt í öllu því sem samfélagið hefur uppá að bjóða. Til að tryggja að svo verði skal fötluðu fólki veitt aðgengi til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Sé áður nefnd frétt á Vísi eftir Sunnu Kristínu Hilmarsdóttur skoðuð með tiliti til þessara laga og samnings Sameinuðu þjóðana, kemur í ljós að aðgengi fyrir fatlað fólk í hjólastólum brýtur í bága við lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992, lög um mannvirki nr. 160/2010 og samning Sameinuðu þjóðanna.

Þann 1. janúar 2011 átti yfirfærsla málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga sér stað. Þegar litið er á yfirfærslumálaflokksins með tiliti til aðgengismála kemur í ljós að jákvæðar breytingar hafa átt sér stað á flestum þjónustustusvæðum, en það á þó ekki við um öll. Heilt yfir virðist sem yfirfærslan hafi sett aukna pressu á sveitarfélög að ráðast í verk er leiða til úrbóta á aðgengi fyrir fatlað fólk.

Félagsráðgjafar starfa nú í auknum mæli með fötluðu fólki eftir að málaflokkur fatlaðs fólks fluttist frá ríki til sveitarfélaga. Eins og fram kemur í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skulu sveitarfélög bjóða uppá félagslega ráðgjöf sem felst meðal annars í því að veita leiðbeiningar og upplýsingar um félagsleg réttindamál og félagslegan vanda. Félagráðgjafi er því vel í stakk búinn að veita fötluðum einstaklingum þær leiðbeiningar og upplýsingar sem þeir þurfa á að halda ásamt því að veita þeim ráðgjöf. Því eins og kemur fram í siðareglum félagsráðgjafa skal félagráðgjafi upplýsa skjólstæðing sinn um réttindi hans og skyldur, hvaða úrræði séu í boði og hvað hjálparmöguleikar eru fyrir hendi. Þessi atriði er gott að hafa í huga við vinnu með fötluðu fólki ásamt því að mæta hverjum og einum þar sem hann er staddur og leggja áherslu á heildarsýn.

Heimildaskrá

- Appleton, S. og Field, A. (2014). *Understanding the factors that contribute to social exclusion of disabled people*. Sótt af <https://www.odi.govt.nz/assets/Guidance-and-Resources-files/Understanding-the-factors-that-contribute-to-the-exclusion-of-disabled-people-November-2014.pdf>
- Arnar Pálsson og Sigurður Davíðsson. (2006). *Skýrsla um aðgengi allra að vefnum*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/utvefur-skjol/Adgengisskyrsla_240106.pdf
- Assistive Ware. (e.d.). Me and my computer. Sótt af <http://www.assistiveware.com/me-and-my-computer>
- Atkinson, R., D. og Castro, D., D. (2008). *Accessibility for people with disabilities*. Sótt af <http://www.itif.org/files/DQOL.pdf>
- Barnes, C., Mercer, G. og Shakespeare, T. (1999). *Exploring disability: A sociological introduction*. Oxford: Polity Press.
- Birna Hreiðarsdóttir. (2015). *Aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum*. Reykjavík: Norm ráðgjöf ehf.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012
- Disabled World. (2015). Accessibility Information for persons with disability. Sótt af <https://www.disabled-world.com/disability/accessibility/>
- Dóra S. Bjarnason. (2001). Af sjónarhóli félagsfræða og fötlunarfræða. Er lífið þess virði að lifa því fatlaður?. *Læknablaðið*, 87, 30-35.
- Embætti landlæknis. (e.d.). Siðareglur félagsráðgjafa. Sótt af <https://www.landlaeknir.is/gaedi-og-efirlit/heilbrigdisstarfsfolk/starfsleyfi/sidareglur/item13340/>
- Ferðamálastofa. (2015, 4. desember). Handbók um aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum í vinnslu. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/handbok-um-adgengi-fatlads-folks-ad-ferdamannastodum-i-vinnslu>
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). Málefni fatlaðs fólks. Sótt af <https://felagsradgjof.is/malefni-fatladra/>
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Gylfi Jónsson. (2016). Yfirfærsla á málaflokki fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga: Með sérstakri áherslu á stærsta sveitarfélagið, Reykjavík. *Stjórnmal & Stjórnsýsla*, 12(2), 443-466. DOI: <http://dx.doi.org/10.13177/irpa.a.2016.12.2.12>

- Gott aðgengi. (e.d.). Hvað er aðgengi? Sótt af <http://www.godadgang.dk/is/hva%C3%B0era%C3%B0gengi.asp>
- Guðrún V. Stefánsdóttir. (2008). *Ég hef svo mikið að segja: Lífssögur Íslendinga með þroskahömlun á 20. öld*. Reykjavík: Leturprent.
- Gyða Hjartadóttir. (2011). Félagsráðgjöf á vettvangi: félagsþjónustu sveitarfélaga. *Tímarit félagsráðgjafa*, 5(1), 32-33.
- Gyða Hjartadóttir og Tryggvi Þórhallsson. (2012). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og nýjar áherslur í réttindamálum fatlaðs fólks. *Tímarit félagsráðgjafa*, 6(1), 39-41.
- Hanna B. Sigurjónsdóttir. (2006). *Fötlun: hugmyndir og aðferðir á nýju fræðisviði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hanna B. Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir. (2013). *Fötlun og menning: Íslandssagan í öðru ljósi*. Sótt af https://www.researchgate.net/profile/Armann_Jakobsson/publication/278593531_Foetlun_og_menning_Islandssagan_i_odru_ljosi/links/5a96812ca6fdccceff095464/Foetlun-og-menning-Islandssagan-i-oedru-ljosi.pdf
- Jóhanna Símonardóttir. (2017). *Hvað er spunnid í opinbera vefi?* Sótt af <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=3550790c-d46d-11e7-9422-005056bc530c>
- Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir og Ásrún Brynja Ingvarsdóttir. (2018, 26. apríl). NPA frumvarpið orðið að lögum. *Rúv*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/npa-frumvarpid-ordid-ad-logum>
- Jón Torfi Jónsson og Helgi Skúli Kjartansson. (2008). *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880-2007: Skóli fyrir alla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Kristjana Jokumsen og Rannveig Traustadóttir. (2014). *Fordómar og félagsleg útskýfun: Samantekt á stöðu fatlaðs fólks eins og hún birtist í íslenskum rannsóknum frá árunum 2000 – 2013*. Sótt af https://www.obi.is/static/files/skjol/pdf-skyrslur/fordomar_og_felagsleg_utskufun_juli2014.pdf
- Linde-Leimer, K. og Wenzel, T. (2014). *Resilience a key skill for education and job*. Sótt af http://www.resilience-project.eu/fileadmin/documents/Guidelines_is_2014.pdf
- Lög um mannvirki nr. 160/2010
- Lög um réttindagæslu fatlaðs fólks nr. 88/2011
- Lög um almannatryggingar nr. 100/2007
- Lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007
- Lög um málefni fatlaðra 59/1992

- Margrét Margreisdóttir. (2001). *Fötlun og samfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Morelli, L., Nocco, M., Petrillo, A. og Stolfi, S. (2004). *Accessible destination*. Sótt af http://www.accessibletourism.org/resources/5_accessible_destination_en.pdf
- NPA miðstöðin. (e.d.-a). *Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf*. Sótt af <http://www.npa.is/index.php/hvad-er-npa/hugmyndafrædin-um-sjalfstaett-lif>
- NPA miðstöðin. (2015-b). Hvað er NPA? Sótt af <http://www.npa.is/index.php/hvad-er-npa>
- Rannveig Traustadóttir. (2003). Fötlunarfræði: Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðisviði. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls 17-47). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir. (2006). Í nýjum fræðiheimi: Upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðisviði* (bls. 13-36). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir. (2009). *The UN convention on the rights of persons with disabilities: European and scandinavian perspectives*. Leiden: Martinus Nijhoff Publishers.
- Samband Íslenskra Sveitarfélaga (e.d.-a). *Samstarfsverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð*. Sótt af <http://www.samband.is/verkefni/felagsthjonusta/flutningur-a-malefnum-fatladra/samningur-um-yfirfaersluna/samstarfsverkefni-um-notendastyrda-personulega-adstod/>
- Samband Íslenskra Sveitarfélaga. (e.d.-b). Þjónusta við fatlað fólk. Sótt af <http://www.samband.is/verkefni/felagsthjonusta/flutningur-a-malefnum-fatladra/>
- Samband Íslenskra Sveitarfélaga. (2014-c). Flutningur málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga: Afstaða þjónustuvæða til faglegra og fjárhagslegra forsenda yfirfærslunnar. Reykjavík: Lögfræði- og velferðarsvið.
- Shakespeare, T., Porter, T. og Stöckl, A. (2007). *Personal assistance relationships: Power, ethics and emotions*. Sótt af <https://www.thekkingarmidstod.is/media/frettir/PA-Report-final-copy.pdf>
- Staniland, L. (2011). *Public perceptions of disabled people: Evidence from the British social attitudes survey 2009*. Sótt af https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/325989/ppdp.pdf
- Stainton, T., Chenoweth, L. og Bigby, C. (2010). Social work and isability: An uneasy relationship. *Australian Social Work*, 6(1), 1-3. DOI: 10.1080/03124070903291886

- Stjórnarráð Íslands. (2012-a). Handbók um NPA. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/npa/NPA_Handbok_10022012.pdf
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.-b). Úttektir á opinberum vefjum. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/upplýsingasamfelagid/opinberir-vefir/uttektr-a-opinberum-vefjum/>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.-c). Vefhandbókin. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=c0bcd48b-80ee-11e6-80c8-005056bc217f>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.-d). Aðgengi og nytsemi. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=e485c5a9-b01c-11e6-940f-005056bc530c>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.-e). Samningur um réttindi fatlaðs fólks. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/10062009SamningurUmRettindiFatladsFolks.pdf>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.-f). Framkvæmdaráæflun í málefnum fatlaðs fólks. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/fatlad-folk/framkvaemdaaetlun-i-malefnum-fatlads-folks/>
- Sunna Kristín Hilmarsdóttir. (2017, 1. mars). Aðgengismál fatlaðra í Háskóla Íslands: „Einfaldlega ótækt fyrir stærsta og elsta háskóla landsins”. Sótt af <http://www.visir.is/g/2017170309906>
- Velferðarráðuneytið (2014). *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2014/Mat_a_yfirfaerslu_malefna_fatlads_folks_2014.pdf
- Venný Hönnudóttir. (2016). *Aðgengi að ferðamannastöðum á Íslandi fyrir erlenda fatlaða ferðamenn*. Sótt af <http://www.lesa.is/static/files/gogn/atak-adgengi-0816.pdf>
- Viðar Guðjónsson. (2014, 9. október). „Geggjað að fá að fljúga”. *Morgunblaðið*. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/10/09/geggjad_ad_fa_ad_fljuga/
- Vilborg Jóhannsdóttir og Freyja Haraldsdóttir (2010). *Notendastýrð persónuleg aðstoð fyrir fatlað fólk á Íslandi: Innleiðing og stjórnsýsla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Walz, G., R. og Bleuer, J., C. (2014). *Resilience, coping, & disability: The development of a resilience intervention*. Sótt af https://www.counseling.org/docs/default-source/vistas/article_44.pdf?sfvrsn=10
- Wolfensberger, W. (1980). *The origin and nature of our institutional models*. Washington, D.C.: President's Committee on Mental Retardation.

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar. (e.d.-a). Almennt um aðgengi. Sótt af <https://www.thekkingarmidstod.is/adgengi/almennt-um-adgengi/>

Þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar. (e.d.-b). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sótt af <https://www.thekkingarmidstod.is/rettindi/samningur-sameinudu-thjodanna-um-rettindi-fatlads-folks/>

Þingskjal nr. 1496/2011-2012. Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014.

Þingskjal nr. 16/2016-2017. Þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021.

Þingskjal nr. 28/2017-2018. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni fatlaðs fólks og lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (notendastýrð persónuleg aðstoð).

Öryrkjabandalag Íslands (e.d.). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Sótt af <https://www.obl.is/is/radgjof-og-thjonusta/samningur-sameinudu-thjodanna-um-rettindi-fatlads-folks>